

Nd.

685. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Nefndin, sem þetta mál var vísað til, hefir ekki orðið að öllu leyti á eitt mál sátt um 2. gr. frumvarpsins, sem fer fram á þá breyting, að útsvar megi leggja á nokkrar arðsamar atvinnugreinir, sem nú er farið að reka í þessu bæjarfjlagi, þótt það sje skemri tíma en 3 mánuði ársins. Þykir sumum nefndarmönnum ekki mega gera þess háttar breytingu á bæjarstjórnarlögum eins kaupstaðar, nema tilsvarendi sje gert í öðrum. Aftur þykir öðrum, að á þessum stað reki nauður til, að ekki sje dregið að gera slíkar breytingar. Munu hvorirtveggja gera í umræðum nokkra grein fyrir skoðun sinni.

Um hinar aðrar greinar frumvarpsins kom allri nefndinni saman, að þær beri að samþykkja.

Samkvæmt þessu er þá lögð undir úrskurð háttv. deildar að ósk meiri hluta nefndarinnar sú

BREYTINGARTILLAGA:

að 2. gr. frumvarpsins falli burtu.

Alþingi, 2. sept. 1913.

G. Eggerz,
formaður.

Kristinn Danielsson,
skrifari og framsögum.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Tryggvi Bjarnason.

Jón Magnússon.